

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. mars 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íbúabyggð í Geldinganesi

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að hefja vinnu við endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur með það að markmiði að skipuleggja blandaða byggð í Geldinganesi með áherslu á íbúðauppbyggingu. Við endurskoðunina skal hafa til hliðsjónar þær skipulagshugmyndir sem áður hafa komið fram í hugmyndasamkeppni um svæðið. Umhverfis- og skipulagssviði verði jafnframt falið að hefja aðra þá vinnu sem nauðsynleg er til að gera það mögulegt að hægt verði að úthluta lóðum sem fyrst fyrir fjölbreytta fjölskylduvæna byggð í Geldinganesi á viðráðanlegu verði.